

16.01 Skipting á þvaglegg gegnum kvið (suprapubis)

Tilgangur er að lýsa skiptingu á þvaglegg gegnum kvið (suprapubis).

Hjúkrunarfræðingur skiptir um þvaglegg gegnum kvið (suprapubis) Skipting er á 3ja mánaða fresti nema annað sé tekið fram.

- Þvagtökusett
- Þvagleggur
- Þvagpoki eða tappi
- Xylocain gel
- Sterilir hanskar
- 10 ml. sprauta
- 50 ml. sprauta
- Saltvatn 0,9%

1. Spritta mót þvagleggs og þvagpoka.
2. Aftengja og sprauta um 50-100 ml af saltvatni í þvagblöðru.
3. Sótthreinsa í kringum stomaop.
4. Sprauta xylocaini á nýja þvaglegginn og í stomaop.
5. Tæma belginn á gamla þvagleggnum.
6. Taka gamla þvaglegginn út og setja nýjan strax inn.
7. Bíða þar til það kemur þvag út og fylla þá á belginn.
8. Tengja við þvagpoka eða tappa.
9. Setja umbúðir við stomaop ef þarf.